

Framboð til stjórnar Frjálsa



5. maí 2019

DAGRÚN HÁLFDÁNARDÓTTIR

Ég býð mig fram til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins sem aðalmaður til tveggja ára.

Ég tel að bakgrunnur minn m.t.t. menntunar og reynslu geti komið að góðum notum innan Frjálsa lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóður á fyrst og fremst að ávaxta fé sitt í traustum eignum með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi. Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum tel ég brýnt að tryggja sjálfstæði sjóðsins ásamt festu og aga í allri stjórnskipan og stjórnsýslu. Þá er sjóðnum jafnframt nauðsynlegt að móta trúverðugt eftirlitskerfi. Leggja þarf áherslu á hagkvæmni í rekstri og að ná sem bestri ávöxtun án þess að of mikil áhætta sé tekin. Að þessu er ég reiðubúin að vinna og því býð ég mig fram til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins.

MENNTUN

2018 – 2019	Endurmenntun Háskóla Íslands Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun.
2007	Námskeið til að öðlast réttindi héraðsdómslögmanns
2000 - 2006	Háskóli Íslands Embættispróf í lögfræði, febrúar 2006.
1996 - 1998	University of Manchester , Manchester, England Meistaragráða í siðfræði heilbrigðisþjónustu (Master of Art, MA, Health Care Ethics and Law).
1991- 1995	Háskóli Íslands BS próf í hjúkrunarfræði, júní 1995.

STARFSREYNSLA

2013-	Embætti landlæknis Lögfræðingur hjá embætti landlæknis. Starfandi sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða frá september 2018.
2011-2013	Borgarlögmaður Héraðsdómslögmaður hjá embætti borgarlögmanns.
2006-2010	Landspítali Lögfræðingur í lögfræði- og kjaradeild. Deildarstjóri launadeildar 2008-2009.
1993-1999	Landspítali, Sjúkrahús Reykjavíkur Hjúkrunarnemi samhliða námi. Hjúkrunarfræðingur eftir útskrift í maí 1995.

FÉLAGSSTÖRF

2009-2014	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga Varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
2001-2009	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga Siða- og sáttanefnd.